



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir læknastofu (Auðnast) að Grensásvegi 50, F2033691, merking 01 0201

Nafn leyfishafa: Auðnast ehf.

Heimilisfang: Grensásvegur 50

Póstnúmer: 108

Kennitala: 591114-0180

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: XX.XX. 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

02. janúar, 2026

Einkvæmt auðkenni: 10363436-729c-45ab-b60e-6221fe4ede36

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Ný starfsemi

Starfsemi hefst

01/16/2026 00:00:00

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Auðnast ehf.

Aðsetur starfsstöðvar

Grensásvegi 50

Póstnúmer aðseturs

108

Símanúmer

Netfang

ingi@audnast.is

Heimasíða

www.audnast.is

Nafn fyrirtækis

Auðnast ehf

Kennitala fyrirtækis

5911140180

Heimilisfang fyrirtækis

Grensásvegur 50

Póstnúmer fyrirtækis

108

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Ingi Sturluson

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

ingi@audnast.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2033691

Rýmisnúmer

01 0201

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Sótt er um leyfi fyrir læknastofu inn í rými sem nú þegar er með leyfi fyrir rekstri sálfræðistofu.

Fylgigögn

Viðbótargögn

-



Reykjavík, 13. janúar 2026
USK26010137

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Ingi Sturluson
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Grensásvegur 50
Merking: 01-0201 fasteignanúmer F2033691
Starfsemi: Læknisþjónusta/viðtöl

Umsókn um samþykkt notkun húsnæðis er óljós. Í umsóknarbeiðni er sótt um leyfi til að hafa viðtalsþjónustu læknis. Byggingarfulltrúi staðfestir eingöngu samþykkt notkun húsnæðis. Engar teikningar fylgdu umsókn og er ekki vitað um hvaða rými er verið að ræða innan rýmis 0201.

2. hæð að Grensásvegi 50 er samþykkt sem heilsuþjónusta. Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi vegna viðtalsþjónustu læknis ef rýmið uppfyllir kröfur þeirra laga og reglna sem Heilbrigðiseftirlitið starfar eftir.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 27.10.2015 (BN050002) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Ekki var gerð lokaúttekt á byggingarerindi BN050002 þar sem um var að ræða áður gerðar framkvæmdir.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU OG MEÐFERÐARSTOFNANIR

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrirtækja sem veita heilbrigðisþjónustu, meðferð og endurhæfingu, s.s. sjúkrastofnanir, hjúkrunarheimili, dvalaheimili, fótaaðgerðarstofur, heilsugæslustöðvar, læknastofur, aðgerðarstofur og aðrar sambærilegar stofnanir. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.		
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.	
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið.	941/2002 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14. gr.	
2.3	Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.	

2.4	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á hverri hæð eða rekstrareiningu. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.	
2.6	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Nánar um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Loftræsting og birta skulu vera fullnægjandi. Þar sem við á skal vera fullnægjandi aðskilnaður á snyrtiaðstöðu starfsfólks og almennings.	112/2012 941/2002 15. gr.	
2.7	Aðskilin fatageymsla skal vera fyrir viðskiptavini og starfsfólk og búningsaðstaða eftir því sem við á.	941/2002 14. gr.	
2.8	Rými sem ætluð eru til aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði hætt á mengun frá öðru rými.	941/2002 48. gr.	
2.9	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í eða í tengslum við vinnurými eftir því sem við á.	941/2002	
2.10	Borð og skolvaskur skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldaupphvottavél.	941/2002 49. gr.	
2.11	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 49. gr.	
2.12	Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar áhalda skal vera vel aðgreind.	941/2002 49. gr.	
2.13	Loftræsting skal vera góð þar sem notkun og blöndun efna fer fram.	941/2002 49. gr.	
2.14	Ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þétu loki.	941/2002 49. gr.	
2.15	Þar sem óvarin lyf eru meðhöndluð skal vera handlaug.	941/2002	

2.16	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við byggingarreglugerð. Vatnshiti á ekki að fara yfir 43°C á töppunarstað.	941/2002 14. gr. 112/2012 14.5.10 gr.	
2.17	Á hjúkrunar- og dvalarheimilum skal vera fullnægjandi baðaðstaða. Aldrei skulu vera fleiri en 10 heimilismenn um baðaðstöðu með búningasklefa ef fullnægjandi baðaðstaða er ekki inn af íbúðarherbergi. Handlaug skal vera í herbergi sé snyrtiherbergi ekki inn af því. Baðaðstaða skal standast kröfur til einkalífs. Um salerni fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.	941/2002 50. gr.	
2.18	Í aðgerðarrými fótaaðgerðarstofa skal vera handlaug, vaskur til að þrifa áhöld og gott aðgengi að skolvaski.	941/2002 49. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.	
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum. Nota skal hreinan búnað, ábreiður og hlífar við hvern viðskiptavin.	941/2002 49. gr.	
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fenginni beiðni hluteigandi stofnunnar, að veita leyfi til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðisstofnunum.	941/2002 19. gr.	

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 49. gr.	
4.2	Nota skal hrein áhöld og búnað við hvern viðskiptavin.	941/2002 49. gr.	
4.3	Nota skal dauðhreinsuð tæki og áhöld í vefi fólks og einnota dauðhreinsaðan búnað þar sem því verður við komið og viðhafa fyllstu smitgát.	941/2002 49. gr.	
4.4	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og hreinsuð eins fljótt og auðið er.	941/2002 49. gr.	
4.5	Ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þétu loki.	941/2002 49. gr.	
4.6	Dauðhreinsibúnað skal athuga reglulega og prófa með sporaprófum eða álíka viðurkenndum aðferðum a.m.k. fjórum sinnum á ári.	941/2002 49. gr.	
4.7	Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum.	941/2002 49. gr.	

5. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	


6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Lóð í kringum húsnaði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
6.2	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
6.3	Frágangur sorpílata skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
6.4	Oddhvössum hlutum, s.s. nálum og rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra ásamt sóttmenguum úrgangi skal koma til viðeigandi förgunar.	806/1999	
6.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. [169/2002](#), lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 02.04.2020


Sigrún Ágústsdóttir